

1869.

7. ágúst.

6. þegar skip leggjast fyrir akkerum inni á fjörðum eða flóum til þess að ferma um, sækja vatn eða gjöra að, þá eiga þau að leita hafnar þar sem flest skip koma. Fiskimennirnir mega ekki fara inn í híbýli Íslendinga nema með leyfi landsmanna, þeir mega ekki óróa hjarðir þeirra, eiga að forðast að fara á land í óbyggðar eyjar og hólma, og mega ekki undir neinu yfirskyni veiða dýr nè fugla, hvorki á landi nè á bátum fram með ströndunum, eyjunum nè hólmunum;

7. það er fyrirbóðið að hirða rekatrè, er menn hitta nær landi en þrjár sjávarmilur;

8. skipstjórnir og eigendur fiskiskipanna eru í ábyrgð um yfirsjónir, sem nokkur af hásetum þeirra kann að drýgja gegn reglum þeim, er hér eru taldar að framan.

Um leið og foringinn fyrir herskipunum við Ísland hefir látið þá ósk í ljósi, að fiskimönnunum verði sagt fyrir á þá leið, sem að framan er skrifað, hefir hann skýrt frá, að bátarnir væru vanalega illa færir til að þeim yrði skotið fljótt út, og að margir þeirra væri í slæmu standi.

Herforingi þessi hefir bætt því við, að það væri þörf á að áminna suma skipstjórana um að vera útbúnir með áhöld þau, er til siglingarinnar heyra, og sem þeir ekki geta útvegað sér á Íslandi, t. a. m. kaðla, segldúk o. fl., og að ekki væri heldur vanþörf á að áminna þá um, undir eins og maður verður veikur á skipi þeirra, að leita læknanna á herskipunum.

Það er ósk mín, að útgjörðarmönnunum og skipstjórunum verði sagt fyrir í þessu efni.

7. ágúst.

72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lestagjald af farmi í frakkneskum herskipum.

Í bréfi dagsettu 18. júnímán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að í sumar hafi verið flutt á land í Reykja-

1869.

7. ágúst.

vík af frakkneska herskipinu „Loiret“ ýms tilföng til húsagjörðar, einkum tígl og höggvið timbur, sem ætlað er til að byggja hús í tódum kaupstað á lóð, er frakkneska stjórnin hefir keypt; er áformað að hafa þar geymslubúr handa herskipunum og herbergi handa frakkneskum skipsbrotsmönnum. Um leið og þær, herra stiptamtmaður, hafð beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að eigi að krefjast lestagjalds af herskipi þessu samkvæmt lögunum 15. aprílmán. 1854 útaf því, að þessi tilföng hafa verið flutt í land af því, hafð þær enn fremur beiðzt fyriřsagnar um, hvernig eigi að fara að eptirleiðis, ef að fluttur verður á frakknesku herskipunum til landsins forði af matvælum og þess konar handa frakkneskum skipbrotsmönnum, þeim er áformað er að skuli hafa húsnæði í húsi því, er gefið var um, þangað til að þeir verða sendir heimleiðis.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þær kunngjörð það, að það er vitaskuld, að það verður ekki krafizt lestagjalds af þessu frakkneska herskipi útaf hinu um rædda, og að, ef svo ber undir, á heldur ekki að krefjast neins gjalds af því eða þeim frakknesku herskipum, sem kunna að flytja vistir handa skipbrotsmönnum, en aptur á móti ber að skýra stjórnarráðinu frá í hverju einstöku tilfelli, svo að það geti lagt úrskurð á málið.

73. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um bænargjörð í kirkjunum á Íslandi útaf kvongan Friðriks konungsefnis.

24. ágúst.

Út af kvongan hans konunglegu tignar Friðriks konungsefnis gjörir kirkju- og kennslustjórnin ráð fyrir, að prestana og söfnudina á Íslandi muni fýsa að bera fram fyrir drottinn í kirkjunni þakklæti sitt fyrir þenna atburð, sem er ekki síður gleðrikur en mikils varðandi fyrir konungseftina og lýðinn, og að ákalla blessan drottins yfir hjónabandi þessu, til hamingju fyrir hin tignu hjón sjálf og fyrir fósturjörðina.